# AUGLÝSING

## um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af íbúðarhverfi í landi Grundar við Bergvík á Kjalarnesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest skipulagsuppdrátt af íbúðarhverfi í landi Grundar við Bergvík á Kjalarnesi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Kjalarneshrepps 6. október 1975 og af skipulagsstjórn ríkisins 15. október 1975.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. október 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

Nr. 495. 3. nóvember 1975.

# AUGLÝSING

## um skipulag í Kjósarhreppi í Kjósarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964, skuli ná til Kjósarhrepps í Kjósarsýslu að undanteknum nauðsynlegum byggingum á lögbýlum.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. nóvember 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

Nr. 496. 3. nóvember 1975.

# ARÐSKRÁ

## fyrir Veiðifélag Flóamanna.

| | | |
|---|---|---|
| Hofsstaðir | 250 | einingar |
| Baugsstaðir | 65 | — |
| Skipar | 42 | — |
| Traðarholt | 24 | — |
| Grundirnar m/hjáleigum | 24 | — |
| Kotleysa | 13 | — |
| Stokkseyri | 6 | — |
| Tunga | 42 | — |
| Hólar | 42 | — |
| Arnarhóll | 15 | — |
| Syðri-Gegnishólar | 6 | — |